

TRÚNAÐARYFIRLÝSING

Starfsmanns notanda

Undirrituð/aður, starfsmaður notandans _____
staðfesti hér með eftirfarandi vegna aðgangs er mér hefur verið úthlutað að
upplýsingakerfi/kerfum (hér eftir upplýsingakerfin) Sjúkratrygginga Íslands (hér eftir
nefndar SÍ),:

1. Mér er einungis heimilt að nýta aðganginn til að nálgast upplýsingar í því
skyni að sinna starfi mínu hjá notandanum. Mér er ljóst að þegar
aðgangurinn er nýttur til að nálgast **persónuupplýsingar** í skilningi laga nr.
77/2000 um persónuvernd og meðferð persónuupplýsinga þurfa að vera
uppfyllt skilyrði sem greinir í lið 2. þessarar yfirlýsingar og um þarf að vera
notkun í þágu viðskiptamanns notanda.
2. Skilyrði fyrir aðgangi að persónuupplýsingum.
 - 2.1 Eingöngu er heimilt að nálgast neðangreindar persónuupplýsingar
 - a) upplýsingar um stöðu afsláttarskírteinis viðskiptamanns vegna kaupa
á heilbrigðisþjónustu, eða
 - b) aðrar upplýsingar er notandi kann að hafa aðgang að með heimild SÍ
eða Tryggingstofnun
 - 2.2. Upplýsinganna sé aflað í þágu viðskiptamanns notanda við
neðangreindar aðstæður:
 - a) viðskiptamaður hefur óskað eftir kaupum á heilbrigðisþjónustu frá
notanda, eða
 - b) viðskiptamaður hefur óskað eftir viðskiptum við notanda við aðrar
aðstæður sem tiltekna eru í samningi notanda og SÍ.
1. Ég skuldbind mig til að varðveita aðgangsorð með tryggilegum hætti og til
að gera þau ekki aðgengileg öðrum með neinum hætti. Visti ég hjá mér
aðgangsorðin mun ég viðhafa sérstakar ráðstafanir til að aðrir geti ekki
kynnt sér þau.
2. Ég skuldbind mig til þess að gæta ævarandi trúnaðar um
persónuupplýsingar og aðrar upplýsingar er ég verð áskynja um með
aðgangi að upplýsingakerfunum.

3. Mér er ljóst að fyrirspurnir mínar eru skráðar (loggaðar) og upplýsingar um fyrirspurnir verða aðgengilegar eiganda persónuupplýsinganna.
4. Í framangreindri trúnaðarskyldu felst að mér er óheimilt að veita öðrum en viðskiptamanni upplýsingar úr upplýsingakerfunum og að mér er með öllu óheimilt að nota þær í sjálfs míns þágu eða annarra. Einnig að mér ber að gæta fyllstu varkárni við meðhöndlun trúnaðarupplýsinga og fylgja í hvívetna fyrirmælum notanda og Sí. Mér er ekki heimilt að afrita trúnaðarupplýsingar í ríkara mæli en nauðsyn krefur og mér er í engu tilviki heimilt að flytja gögn er hafa að geyma trúnaðarupplýsingar af starfsstöð notanda, hvort heldur um ræðir gögn á rafrænu formi eða á pappír.
5. Mér er ljóst að trúnaðarskylda þessi helst þó ég láti af störfum hjá notanda.

[staður] [dags.]

nafn, kennitala